


Charles R. Darwin

12. Febrúar 1809 — 12. Febrúar 1909.



UNDRAD ÁR eru nú liðin síðan náttúrufræðinginn enski, Charles Darwin, fæddist. Sá maður, er ódauðlegastur verður í sögunni, allra 19. aldar manna. Óhætt er að fullyrða að enginn hafi komið öðru eins róti á hugsanastefnu og trúskoðanir manna eins og hann, hvorki fyrir þé síðar, og enginn gjört jafn gagngjörða breytingu á öllum fræðigreinum eins og hann. Breytiþróunar lögmálið, er hann fyrstur færði óyggjandi rök að, framkallaði nýja sköpunarsögu, nýtt heimsyfirlit, gagngjörða breytingu á öllum skoðunum manna aðlútandi hinum efnislega heimi. Það gjörbreytti öllu í senn, guðfræðinni, heimspekinni, náttúruvísindunum. Það hlóð grunninn undir alla vísindalega starfsemi, hverrar tegundar sem er, en reif grunninn undan öllum trúarlærdómunum fornu. Eftir að breytiþróunar lögmálið varð mönnum kunnugt, var fundin undirstaða, ekki eingöngu fyrir líffræðinni, heldur líka að mannfræðinni, tungumálafræðinni, og siðmenningarsagan byrtist algjörlega í nýju ljósi. Skyldleiki þjóðanna, *tegundir* tungnanna, er allar eiga sameiginlegann stofn, — hliðstæðar greinar á sama ættarmeidnum, — opnaði nýjað heim fyrir rannsóknir málfræðinga. Atburðir sögunnar urðu skýrari, og betur en nokkru sinni fyr sást til brautarinnar, er mannkynið var komið, ofan frá öndverðum dögum.

Þetta ár er fimtugasta árið síðan bók hans „Origin of the Species“ fyrst kom út, er opnaði þenna útheim fyrir skynjun manna. Árið er ekkert jubil-ár, eldri guðfræðinnar, því það er tímamótin í sögu hennar, er henni fer áreiðanlega að fara aftur.

Eins og kunnugt er byrjaði Darwin athuganir sínar á því, hve hinar ýmsu líftegundir væru hver annari líkar, og þó ekki væri nein sönnun fyrir því, hlyti þær að vera skyldar, eiga jafnvel sameiginlegan uppruna. Þessi skoðun sagði hann að hefði fyrst fengið vald yfir öllum hugsunum sínum árið 1837. Þá